

EFNISYFIRLIT

1. GAGNAÖFLUN OG FRAMKVÆMD.....	2
2. NIÐURSTÖÐUR	3
2.1 Bakgrunnur.....	3
2.2 Stuðningur og ráðgjöf frá þjónustumiðstöðvum	4
2.3 Eftirlit með starfsemi dagforeldra	6
2.4 Dvalarsamningar	8
2.5 Námskeiðsdagur dagforeldra.....	9
2.6 Almennar athugasemdir dagforeldra.....	10
2.7 Samanburður við könnun frá 2006.....	10
4. SAMANTEKT	11
5. VIÐAUKI I – ALMENNAR ATHUGASEMDIR DAGFORELDRA	12
6. VIÐAUKI II – ATHUGASEMDIR DAGFORELDRA UM STARFIÐ	14

LEIKSKÓLASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

TÖLFRÆÐI- OG RANNSÓKNAÞJÓNUSTA
OKTÓBER 2008

Berglind Hansen
Hildur B. Svavarsdóttir

1. Gagnaöflun og framkvæmd

Í júlí 2008 var framkvæmd könnun meðal dagforeldra í Reykjavík. Þetta var í annað sinn sem slík könnun er gerð en sú fyrri var gerð árið 2006.

Markmið könnunarinnar var að skoða samskipti dagforeldra og þjónustumiðstöðva, nýtingu dagforeldra á ráðgjöf og stuðningi daggæslufulltrúa og fyrirkomulag eftirlits með starfseminni. Hringt var í starfandi dagforeldra í júlí 2008 og tóku um 88% þeirra þátt í könnuninni.

Tafla 1. Úrtak og svörun

	Fjöldi	Hlutfall
Tók þátt í könnun	133	88,1%
Neitar að svara	3	2,0%
Næst ekki í	15	9,9%
Alls	151	100 %

2. Niðurstöður

2.1 Bakgrunnur

Dagforeldrarnir höfðu að meðaltali starfað í 13 ár en þar höfðu mikil áhrif svarendur sem höfðu mjög langan starfsaldur eða 30-40 ár. Í töflu 2 má sjá starfsaldur svarenda en um 60% þeirra höfðu starfað í 8 ár eða lengur.


Tafla 2. Starfsaldur

	Fjöldi	Hlutfall
Eitt ár eða skemur	19	15%
Tvö til fjögur ár	19	15%
Fimm til sjö ár	14	11%
8 - 14 ár	25	19%
15 - 20 ár	22	17%
21 ár eða lengur	32	24%
Alls	131	100%

Spurt var hvort dagforeldri hafði tekið sér samfelldt leyfi frá störfum í lengri tíma. Alls höfðu 45 dagforeldrar tekið sér frí frá störfum. 85% dagforeldranna höfðu verið í *fjögur ár eða skemur* frá störfum. Lengsta frí frá störfum sem dagforeldri hafði tekið var 19 ár.


2.2 Stuðningur og ráðgjöf frá þjónustumiðstöðvum

Rúmlega helmingur dagforeldra eða 58,3% hafði leitað til þjónustumiðstöðvar í sínu hverfi til að fá ráðgjöf eða stuðning í starfi. Algengast var að dagforeldrar væru að afla sér *almennra upplýsinga* líkt og mynd 1 sýnir. Um 23% hafði samband við þjónustumiðstöð með fyrirspurnir *vegna foreldra barna* sem voru í vistun hjá þeim. Þetta voru t.d. forræðismál, barnaverndarmál og erfið samskipti við foreldra. Um 9% fyrirspurna dagforeldra fjölluðu um annað svo sem *þroskafrávik eða þörf á greiningu barns* í vistun hjá þeim, *aðlögun barns af erlendum uppruna* eða *námskeiðs* á vegum þjónustumiðstöðvar.



Mynd 1. Hvers vegna leitaðir þú eftir ráðgjöf eða stuðningi?

Langflestir dagforeldrar, um 88%, voru *mjög* eða *frekar ánægðir* með þá ráðgjöf eða stuðning sem þeir fengu hjá þjónustumiðstöðinni eins og sést á mynd 2. Aðeins 5,3% dagforeldra voru *hvorki ánægðir né óánægðir* en um 7% voru hins vegar *frekar* eða *mjög óánægðir*.




Mynd 2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með þá ráðgjöf eða þann stuðning sem þú fékkst?

Þeir dagforeldrar sem voru ánægðir með þá ráðgjöf eða stuðning sem þeir sóttu eftir voru spurðir frekar út í hvað þeir voru *ánægðir með*. Ánægja með starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar var áberandi. Töldu þeir daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöðvum sýna þeim mikinn skilning og stuðning ásamt því að veita þeim góð ráð. Þá þótti

dagforeldrum þeir vera jákvæðir og vingjarnlegir gagnvart fyrirspurnum þeirra auk þess sem þeim fannst að leyst væri úr vandamálum fljótt og þeim fylgt eftir.

Dagforeldrarnir sem voru óánægðir með þá ráðgjöf eða stuðning sem þeir höfðu sótt til þjónustumiðstöðvar voru spurðir hvað þeir voru *óánægðir með*. Eitt dagforeldri nefndi að ekki var hægt að gefa svör við fyrirspurn þar sem það varðaði mál sem engin reglugjöf væri til um og því væri ekki hægt að sakast við ráðgjafann sjálfan. Annað dagforeldri nefndi óánægju vegna skorts á eftirfylgni vegna barnaverndarmáls. Þá taldi annað dagforeldri að daggæsluráðgjafinn sem það hafði samband við hafi tekið afstöðu með foreldrum barnsins sem málið varðaði en ekki dagforeldrinu. Einnig var nefnt að ekki fékkst sú hjálp sem dagforeldri vildi fá og að stuðning vantaði.


Samkvæmt reglum um daggæslu í heimahúsum hjá Reykjavíkurborg fá dagforeldrar ráðgjafa í heimsókn a.m.k. einu sinni á ári til að tryggja samráð og veita markvissan faglegan stuðning. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum sjá um þessar heimsóknir. Í könnuninni var spurt hvort dagforeldri hefði fengið heimsókn frá daggæsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð hverfisins á síðastliðnum vetri. Langflestir höfðu *fengið* heimsókn frá daggæsluráðgjafa en þó svöruðu tæp 30% dagforeldra að þeir hefðu *ekki fengið* slíka heimsókn. Þá voru langflestir dagforeldrar *mjög eða frekar ánægðir* með heimsókn ráðgjafans. Einungis 2,2% dagforeldra voru *hvorki ánægðir né óánægðir* með heimsóknina en engir voru óánægðir eins og mynd 3 sýnir.



Mynd 3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst með heimsókn daggæsluráðgjafans?

2.3 Eftirlit með starfsemi dagforeldra


Dagforeldrar voru spurðir álits um núverandi fyrirkomulag á eftirliti með starfsemi þeirra. Langflestir voru *mjög* eða *frekar ánægðir* með fyrirkomulagið eða 81,4% dagforeldra eins og sést á mynd 4. Að auki voru 8,5% *hvorki ánægðir né óánægðir* en hins vegar voru um 10% dagforeldra *frekar óánægðir* með það.



Mynd 4. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með núverandi fyrirkomulag á eftirliti með starfssemi dagforeldra?


Dagforeldrar voru spurðir nánar um hvað það væri sem þeir væru ánægðir og óánægðir með varðandi eftirlitið. Dagforeldrar voru almennt *mjög ánægðir* með að eftirlit væri haft með starfsemi þeirra. Þeim þótti öryggi fólgið í því bæði fyrir dagforeldra og foreldra barna í vistun hjá þeim. Þá nefndu margir að viðmót eftirlitsaðila væri mjög gott og frábært að finna að það væri eitthvað gert fyrir þá. Einnig þótti dagforeldrum gott að fá staðfestingu á því sem vel væri gert og hvað betur mætti fara. Það sem dagforeldrar voru helst *óánægðir* með varðandi eftirlitið var að eftirlitsaðilar spyrðu alltaf sömu spurninganna og færu yfir sömu öryggisatriðin í hvert skipti sem þeir kæmu. Einnig þótti einhverjum dagforeldrum þeim vera sýnt vantraust með stöðugu eftirliti sérstaklega þeim sem hefðu starfað lengi og óþarfi væri að heimsækja þá eins oft og byrjendur í faginu. Þá var ýmislegt annað nefnt svo sem að eftirlitið væri óþarft, eftirlitsaðili hafi vaðið í allt hjá dagforeldri án leyfis og viðmót eftirlitsaðila mætti vera betra. Einnig nefndu dagforeldrar að eftirlitsaðilar og aðrir þjónustufulltrúar væru ekki merktir með einhverju auðkenni og að reyfskynjarakönnun hafi verið gerð hjá einu dagforeldri klukkan 8 um morgun í fjölbýlishúsi sem hafði truflað aðra íbúa.

Dagforeldrarnir voru spurðir hvort að þeim þætti jákvætt eða neikvætt að eftirlit með störfum dagforeldra og ráðgjöf til dagforeldra væri aðskilið. Á mynd 5 má sjá að um 83% dagforeldra töldu það *mjög* eða *frekar jákvætt*. Um 12% þótti það *hvorki jákvætt né neikvætt* en einungis 5,2% dagforeldra töldu það *frekar* eða *mjög neikvætt*.



Mynd 5. Finnst þér jákvætt eða neikvætt að eftirlit með störfum dagforeldra og ráðgjöf til dagforeldra sé aðskilið?


Dagforeldrarnir voru næst spurðir hvort þeir teldu það *erfitt* eða *auðvelt* að fylgja verklagsreglum um kvartanir og athugasemdir eftirlitsaðila. Verklagsreglurnar voru tvíþættar annars vegar vegna kvartana – án þess að barn sé í hættu statt, þ.e. að aðbúnaði sé ábótavant, að skilyrði til leyfisveitingar séu ekki lengur fyrir hendi eða önnur atriði sem benda til að ekki fari nægilega vel um barn. Hins vegar kvartanir þar sem barn er talið í hættu statt, þ.e. að aðbúnaður sé lélegur, of mörg börn eða ofbeldi. Mynd 11 sýnir að langflestir eða um 82% töldu *mjög* eða *frekar auðvelt* að fylgja verklagsreglunum. Um 10% töldu það *hvorki erfitt né auðvelt* og aðeins 8,4% dagforeldra töldu það *frekar* eða *mjög erfitt*.



Mynd 11. Telur þú að það sé auðvelt eða erfitt fyrir dagforeldra að fylgja verklagsreglum um kvartanir og athugasemdir frá eftirlitsaðilum?


2.4 Dvalarsamningar

Langflestir dagforeldrar gerðu dvalarsamning við foreldra barna sem voru í vistun hjá þeim eins og mynd 6 sýnir. Dvalarsamningur felur í sér að bæði foreldrar sem dagforeldrar samþykkja ákveðna skilmála, s.s. um aukagjöld ef farið er yfir umsamdan vistunartíma, reglur um upplýsingar vegna veikinda og fleiri slík atriði. 90% dagforeldra gerðu slíkan samning *alltaf*, 7,7% *oftast* en 2,3% *aldrei*.



Mynd 6. Gerir þú dvalarsamning við foreldra barna sem eru í vistun hjá þér?


Þeir dagforeldrar sem gerðu *alltaf* eða *oftast* dvalarsamninga við foreldra voru spurðir hvort að þeir styddust við eyðublað frá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar eða við eigin dvalarsamning. Langflestir dagforeldrar sögðust styðjast við *eyðublað frá þjónustumiðstöðvum* og aðeins 15% þeirra studdust við sinn *eigin dvalarsamning*. Þeir dagforeldrar sem gerðu dvalarsamninga voru spurðir hvort að þeir skiluðu afriti af þeim til þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu. Þó að langflestir dagforeldrar eða 77,2% skiluðu dvalarsamningum *alltaf* eða *oftast* til þjónustumiðstöðvarinnar þá skilaði nær fjórðungur samningunum *sjaldan* eða *aldrei* inn líkt og mynd 7 sýnir.



Mynd 7. Skilar þú afriti af dvalarsamning til þjónustumiðstöðvar í þínu hverfi?


2.5 Námskeiðsdagur dagforeldra

Almenn þátttaka var hjá dagforeldrum á námskeiðsdegi dagforeldra sem haldinn var þann 22. febrúar 2008. Um 67% dagforeldra sögðust hafa sótt námskeiðið. Ánægja með námskeiðið var einnig mikil en 81% þeirra sem fóru á námskeiðið voru *mjög* eða *frekar ánægðir* með það eins og sýnt er á mynd 8. Um 11% dagforeldra voru þó *hvorki ánægðir né óánægðir* með námskeiðið en einungis um 7% dagforeldra voru *mjög* eða *frekar óánægðir*.



Mynd 8. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með námskeiðsdaginn?

Þeir dagforeldrar sem ekki tóku þátt í námskeiðsdegi dagforeldra voru spurðir um ástæðu þess. Af þeim ástæðum sem nefndar voru, voru tvær algengastar líkt og sést á mynd 9. Þar nefndu 29% dagforeldra að þeir hefðu verið í *fríi á þeim tíma* sem námskeiðið var haldið eða *nýkomnir úr fríi* og töldu því að þeir gætu ekki tekið sér frekari frí. Einnig nefndu um 29% dagforeldra að þeir hefðu *ekki komist* á námskeiðið án sérstakrar ástæðu. *Veikindi* gerðu um 17% dagforeldra ekki kleift að sækja námskeiðið. Um 12% dagforeldra nefndu *annað* svo sem að dagforeldri hafi ekki verið byrjað að starfa, dagforeldri var um það bil að hætta störfum eða dagforeldri hafi starfað svo lengi að það taldi sig ekki hafa þörf fyrir námskeiðið. Um 7% dagforeldra þótti námskeiðið *ekki nógu áhugavert* og sama hlutfall *fékk tilkynningu um námskeiðið of seint* til að þeir sæju sér kleift að sækja það.



Mynd 9. Af hverju tókst þú ekki þátt?

2.6 Almennar athugasemdir dagforeldra

Dagforeldrum var að auki boðið að koma *almennum athugasemdum á framfæri* sem er hægt að sjá í heild sinni í viðauka I. Helstu athugasemdirnar voru um fyrirkomulagið þegar börn sem eru í vistun hjá þeim eru tekin inn í leikskóla. Margir dagforeldrar voru óánægðir með það að börnin væru tekin inn í leikskólana fyrirvaralaust og dagforeldrar geti því ekki nýtt pláss hjá sér til fulls. Pláss væru því vannýtt og dagforeldrar fengu ekki greiðslur fyrir þann tíma sem tapast. Vildu dagforeldrar að það yrði gerð meiri krafa á foreldra að borga uppsagnarfrestinn sem var mánuður ásamt því að leikskólar væru með meiri fyrirvara á því hvenær barn gæti hafið leikskóladvöl. Einnig nefndu sumir dagforeldrar að þeir vildu geta tekið fleiri börn í vistun til sín ef aðstaða og færni væri til staðar eða taka inn viðbótarbarn í smátíma þegar annað væri að hætta.

2.7 Samanburður við könnun frá 2006

Í töflu 3 má sjá yfirlit sambærilegra spurninga sem spurt var í könnuninni 2006 ásamt samanburði á svarendahópi. Marktækur munur er merktur með *.

Tafla 9. Samanburður á könnunum 2006 og 2008

	2006	2008
Svarhlutfall	83%	88%
Starfsaldur	11 ár	13 ár
Leitað til þjónustumiðstöðvar vegna ráðgjafar/stuðnings*	32%	58%
Ánægja með ráðgjöf/stuðning þjónustumiðstöðva	93%	88%
Fengu ráðgjafaheimsókn á starfsárinu	65%	72%
Ánægja með ráðgjafaheimsókn*	83%	98%
Ánægja með aðskilnað ráðgjafar og eftirlits*	55%	83%

4. Samantekt

Í þessari könnun hefur viðhorfum 133 dagforeldra til starfsumhverfis síns verið lýst eða um 90% starfandi dagforeldra í maí 2008. Stærstur hluti dagforeldranna hafði mikla starfsreynslu að baki, að meðaltali 13 ár sem er tveimur árum lengri starfsreynsla en þegar könnunin var síðast gerð.

Mikil ánægja var með ráðgjafa- og stuðningshlutverk þjónustumiðstöðva og hefur hlutfall þeirra dagforeldra sem sækja þangað í þeim tilgangi fjölgað marktækt milli kannana. Almennar upplýsingar og ráðgjöf vegna samskipta við foreldra var oftast ástæða fyrir því að dagforeldrarnir höfðu samband við daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöð.

Hlutfall þeirra sem sögðust hafa fengið ráðgjafaheimsókn á starfsárinu hækkaði frá árinu 2006 og ánægja með þá heimsókn er eindregin meðal dagforeldra. Yfir 80% dagforeldra voru ánægðir með fyrirkomulag eftirlits með störfum þeirra og framkvæmd þess. Þeim þótti öryggi fólgið í því bæði fyrir dagforeldrið og foreldra barna. Árið 2006 var um helmingur dagforeldra ánægður fyrirkomulagið á eftirliti. Flestum þótti auðvelt að fylgja verklagsreglum um athugasemdir og kvartanir eftirlitsaðila.

Nær allir dagforeldrarnir gerðu dvalarsamninga og flestir studdust við eyðublað frá þjónustumiðstöðvum. Námskeiðsdagur dagforeldra var sóttur af 67% svarenda og var almenn ánægja með framkvæmd hans. Þeir sem ekki sóttu námskeiðsdaginn nefndu oftast persónulegar ástæður eins og frídaga, veikindi eða annað.

Í almennum athugasemdum dagforeldra má lesa að þeir eru að stærstum hluta ánægðir með starf sitt og líður vel í því. Margir vildu aukið samstarf við leikskóla, sérstaklega þegar barn fer frá dagforeldri í leikskóla. Aukinn stuðningur frá Leikskólasviði, bæði faglegur og fjárhagslegur, var einnig nefndur.

5. Viðauki I – almennar athugasemdir dagforeldra

- Borgin mætti styrkja okkur með svipuðum hætti og sum bæjarfélög eru farin að gera, í sambandi við kerrur.
- Eftirlitið þrisvar á ári er óþarflega oft.
- Er bara mjög ánægð með þetta (3 nefna)
- Er í draumavinnunni minni og hef engar athugasemdir.
- Er mjög óánægð með það hvernig leikskólarnir starfa gagnvart okkur. Áður fyrr vissum við alltaf með fyrirvara að börnin fóru um áramót eða í ágúst. Núna hringja þær í foreldrana 2-3 dögum áður en barnið á að fara inn á leikskólann.
- Er óánægð með það þegar börn fara inn í leikskólann að við skulum ekki vera látnar vita, og að foreldrar greiða aðeins fyrir þá daga sem barnið dvelur hjá okkur, og svo sitjum við uppi með laus pláss og minni tekjur í þeim mánuði og jafnvel næstu mánuði.
- Finnst að það mætti vera meira samstarf milli dagforeldra og leikskóla. Vantar eitthvert formlegt ferli á milli eins og þegar börn eru kölluð inn í leikskólann, að við fáum að vita það með einhverjum fyrirvara þó ekki væri nema til að annað barn gæti nýtt
- Finnst fáránlegt að fá ekki að hafa 6 börn, hafa aðstöðu til þess og hafa verið í þessu í svona mörg ár. Mér finnst þetta vantraust.
- Finnst verklagsreglurnar of ósveigjanlegar, eins og t.a.m. mætti vera sveigjanleiki varðandi það að taka inn viðbótarbarn í smátíma þegar annað er að hætt. Viðurlögin við þessu eru leyfissvipting sem er fáránlega strangt.
- Finnst þetta lakara eftir að þessu var breytt.
- Gjaldskráin er komin úr böndunum.
- Hefði mátt vera meiri stuðningur þegar maður byrjar.
- Maður er ekki nógu vel undir það búin að takast á við aðstæður ef eitthvað kæmi upp á eins og eldur. Það mætti hafa æfingu eða veita okkur betri undirbúning undir slíkt. Það mætti vera fræðsla fyrir dagforeldra eða námskeið eins og hvað á að gera í jarðskjálfta.
- Mér finnst út í hött að leikskólarnir skuli vera að taka börnin í júní. Það væri nær að taka þau á haustin.
- Óþarfi hjá eftirlitsaðila að skrifa athugasemd bara til að skrifa eitthvað, eitthvað sem engu máli skiptir og er ekki nein athugasemd í raun. Eftirlitsaðilinn verður líka að vanda sig í sinni vinnu.

- Trúnaður milli dagforeldra og foreldra í verklagsreglunum er ekki virtur. Sumt fólk sækir börnin sín allt of seint og það er afar erfitt að rukka fyrir það. Dagmæður ættu að sýna meiri samstöðu um að rukka fyrir slíkt.
- Verklagsreglurnar skapa öryggi sem var ekki áður fyrir.
- Vil að upplýsingaflæði frá Leikskólasviði batni.
- Vil ekki að leyft sé að hafa húsdýr.
- Vil endilega að það sé eitthvert samráð milli Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaga, þannig að konur séu ekki að taka viðbótarbörn úr nágrannasveitarfélögum.
- Vildi að það yrði gengið harðar eftir því að foreldrar borgi fyrir það sem á vantar mánuðinn þegar börn þeirra eru tekin inn í leikskólann. Að við töpum ekki á því að foreldrar nýti ekki allan mánuðinn þegar börnin fara frá okkur.
- Það eru ör skipti hjá okkur og engin samskipti við leikskólana. Leikskólarnir taka börnin án fyrirvara. Tvö og þrjú að byrja og tvö og þrjú að hætta. Þau mega ekki vera of mörg hjá okkur. Skv. verklagsreglum eru börnin talin í hættu stödd ef þau eru tveim of mörg.
- Það mætti fylgja betur eftir kvörtunum um dagforeldra. Láta ekki of langan tíma líða áður en gert er eitthvað í málunum ef dagforeldri brýtur af sér.
- Það virðist vera meira gert fyrir dagforeldra í Kópavogi heldur en í Reykjavík. Þær fá t.d. lykla að gæsluvöllum. Borgin ætti gera meira fyrir dagforeldra og opna gæsluvellina fyrir okkur sem erum komin með það stór börn.
- Þegar skiptin eru megum við ekki taka inn ný börn um tíma en fáum engar dagsetningar um það hvenær leikskólinn tekur börn frá okkur inn. Fáum engar niðurgreiðslur með nýjum börnum fyrir en það sem er á förum er farið.
- Þeir mættu taka meira tillit til okkar þegar börnin eru að fara leikskólann. Viljum láta tilkynna okkur þetta í tíma. Eins mætti sýna okkar starfi meiri virðingu.
- Þetta eldvarnarvesen er einum og ýkt hjá þeim. Þetta er að degi til og allir vakandi.
- Þetta er bara allt í lagi(4 nefna).
- Þjónustusamningur er ekki kominn í gagnið.

6. Viðauki II – athugasemdir dagforeldra um starfið

- Að reyna að koma því aftur á að leikskólarnir taki tillit til þess að við erum með mánaðaruppsagnarfrest og láti foreldra þar með vita með minnst mánaðarfyrirvara um að barnið komist inn.
- Allt of lítið talað um dagforeldra. Það er óþolandi að börnin skuli tekin af okkur í júní. Þau ættu að fara þangað í ágúst. Því við verðum atvinnulausar í mánuð.
- Borgin mætti styrkja dagforeldra með líkum hætti og ýmis bæjarfélög gera nú, eins t.d. til að kaupa kerrur.
- Bæta þarf sambandið milli dagforeldra og leikskóla. Mætti vera meira samstarf á milli okkar. Þegar leikskólar kalla inn börn í júní, þá missti ég öll börn og hef ekki enn fyllt öll pláss. Þetta er mikið tekjutap. Þessu þarf að breyta.
- Eftirlitið verður að taka faglega á kvörtunum sem koma frá foreldrum og kanna mál í grunninn áður en dagforeldri er sakbent. Málin geta verið öðru vísi í grunninn ef að er gætt en virðist við fyrstu sýn, hvort sem foreldrar eða dagforeldrar eiga í hlut.
- Ekki þurrka okkur út með því að opna vöggustofur.
- Er bara mjög ánægð með þetta starf (14 nefna)
- Er búin að vera afskaplega ánægð í gegnum árin og verið sérstaklega heppin með foreldra.
- Er mjög óánægð með þann stutta tíma sem við fáum til að gera okkar ráðstafanir þegar börn eru kölluð inn í leikskóla. Við sitjum svo uppi með laus pláss, og ný börn koma ekki inn fyrr en eftir sumarfrí. Og við megum ekki bæta við sjötta barna í hálfan mánuð.
- Er mjög skemmtilegt og gefandi starf. Finnst foreldrar yfirleitt mjög ánægðir með okkar starf og eru þakklátir.
- Er óánægð með leikvöllina að vera ekki velkomnar þar og þurfa að greiða fyrir afnot. Þetta er staður þar sem dagforeldrar hittast, sem er mjög gott því við erum svo einangraðar. Nú eru ýmis bæjarfélög að styrkja kerrukaup. Þetta mætti Reykjavíkurborg einnig gera.
- Er óánægð með það hvað daggæslufulltrúar hafa fjarlægst dagmæður og hversu lítillar menntunar er krafist af okkur. Vil meiri menntun fyrir dagmæður, lengri og ítarlegri námskeið, sérstaklega um samskipti milli foreldra og dagmæðra.
- Ég er ein af þessum dagforeldrum sem finnst að niðurgreiðslurnar mættu vera hærri. Fjársveltið fyrir þessa þjónustu er allt of mikið. Kröfurnar vaxa sífellt. Borgin gerir bara kröfur en helst fyrir ekki neitt. Mikil óánægja með heimgreiðslurnar.

- Finnst að borgin mætti styðja betur við bakið á okkur.
- Finnst að við ættum að vera í vinnu hjá Reykjavíkurborg og að borgin ráðstafaði börnum inn í laus pláss hjá dagforeldrum. Og greiddu okkur laun og að við fengjum frí á launum eins og aðrir launþegar og að þeir væru með afleysingafólk ef við veikjumst.
- Finnst að yfirvöld mættu bera smávirðingu fyrir okkur. Þau mæta ekki með okkur á fundi eða annað. Erfitt að fá þá til viðræðna um greiðslur og um okkar kaup. Við sitjum t.d. nú uppi með allar hækkanir á mat. Það vantar að það sé hlustað á okkur.
- Finnst eitt í sambandi við að ef það eru au-pair sem passa börn þá er ekkert eftirlit eða var ekki. En það kom kona og fylgdist með öllu hjá mér og samt fengum við alveg sömu niðurgreiðslur. Af hverju er ekki eftirlit með au-pair sem fá niðurgreiðslur?
- Finnst við ættum að fá styrk til kerrukaupa eins og dagforeldrar í nágrannasveitarfélögum.
- Fyrirvaralaus innköllun barna inn í leikskólann er afar ósanngjörn gagnvart okkur því þó að við höfum samning upp á mánaðar uppsagnarfrest þá gengur okkur illa að innheimta fullan mánuð fyrir barn sem hefur aðeins verið 1-2 vikur af síðasta mánuðinum.
- Í sveitarfélögunum hér í kring er veittur styrkur, t.d. til kerrukaupa. Gæti hugsað mér að fá styrk t.d. í útiaðstöðuna hjá mér.
- Leikskólar hafa oft tekið inn börn með skömmum fyrirvara án þess að láta okkur vita tímanlega.
- Mér finnst nú kannski svolítið slæmt og koma óorði á dagmæður, hvað sumar eru óábyrgar gagnvart foreldrum, bæði hvað snertir við gjaldtöku og fríin sem þær taka sér og láta foreldra greiða fríð.
- Mér finnst að daggæsluráðgjafinn mætti vera öflugri.
- Mér finnst að RVK borg mætti vinna meira með dagforeldrum, leigja út gæsluvelli fyrir dagforeldra og kerrur og eitthvað í þá veru.
- Mér finnst að það sé ekki alveg reiknað með manni í kerfinu.
- Vil koma því á framfæri að það er erfitt fyrir eftirlitsfólkið að sinna störfum sínum í mörgum tilfellum. Fólkið við tjörnina verður að fara að gera eitthvað.
- Vil láta hækka niðurgreiðslurnar svo við séum á sómasamlegum launum. Þurfum meiri samvinnu við leikskólana því þeir kalla inn börn með nánast engum fyrirvara og þetta hefur tekjuskæðingu í för með sér fyrir okkur ef við fáum ekki börn strax inn.
- Vil sjá leikskólana sýna okkur og foreldrum meiri tillitsemi eins og t.d. vildum við vita með meiri fyrirvara þegar barn hefur fengið pláss og á að byrja í leikskóla.

- Það eina sem ég er ósátt við er að eftirlitið skuli tékka á reyðskynjurum á svefntíma barnanna.
- Það er mikið talað um leikskólana og mér finnst að við gleymumst í umræðunni.
- Það mætti alveg endurskoða þetta allt og greiða okkur það sama og greitt er með börnum á leikskólum.
- Það mætti taka meira tillit til okkar, tala ekki niður til okkar. Meta okkar starf að verðleikum. Borgin mætti taka meira tillit til foreldra gagnvart niðurgreiðslum, þ.e.a.s. að hafa þær sambærilegar við leikskólana.
- Það mætti vera meira upplýsingastreymi frá Þjónustumiðstöðinni varðandi leikskólaplássin. Nú er verið að kalla börn inn í leikskólann með viku fyrirvara en það er mánaðaruppsagnarfrestur hjá okkur.
- Það mættu vera oftár samstarfsfundir með dagforeldrum. Mættu vera hærri niðurgreiðslur. Við drögum niður launin þegar hækkarnir verða á okkar aðföngum því við fáum svo seint leiðréttingar. Við sitjum ekki við sama borð og einkareknir leikskólar.
- Það þarf að skýra út fyrir foreldrum að við dagforeldrar séum mannleg, að við gætum þurft að fara til tannlæknis eða í banka, eða í jarðarför. Að það teljist eðlilegt að við þurfum að komast frá eins og annað starfandi fólk.
- Þetta er einhæft starf en skemmtilegt.
- Þetta er frábært starf og mér finnst gaman að starfa í því. Það væri gott ef RVK vildi gera meira fyrir okkur. Megum nota róluvellina ef þeir eru opnir, en verðum að greiða fyrir vellina á vegum ÍTR.
- Þetta er vandasamt starf og það mætti bera aðeins meiri virðingu fyrir þessari starfsemi.
- Þyrfti meiri sveigjanleika þegar nýju börnin eru að koma á vorin og í ágúst.
- Þætti að giftir fengju niðurgreiðslur frá 6 mánaða aldri en ekki 9 mánaða. Það ætti að vera jafnt fyrir gifta sem ógifta.